

Ed.

316. Frumvarp til laga

[190. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 8. mgr. og orðist svo:

Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl., eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 30/1981 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 var nýrri málsgrein, 7. mgr. bætt við 11. gr. núgildandi laga og þar bundið í lög að hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skuli eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum greinarinnar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

Frumvarp til laga þessara var á sínum tíma samið í samráði við samtök sjómanna og í tengslum við kjarasamninga þeirra.

Það er ljóst, og kom reyndar fram í viðræðum við sjómannasamtökin á sínum tíma, að lögskráning er afar ótraust heimild um starfstíma sjómanna. Bæði er hætta á að gögn varðandi lögskráningu sjómanna kunni að hafa farið forgörðum og svo einnig að lögskráningarreglur hafa víða verið brotnar og eru enn. Samt sem áður var gripið til þess að miða starfstíma sjómanns við 180 daga að meðaltali í 25 ár og þess jafnframt getið í greinargerð að lögskráningin væri notuð sem viðmiðun en að öðru leyti þyrfti að taka á málinu með reglugerð.

Pann 17. september 1981 skrifaði Tryggingastofnun ríkisins heilbrigðis- og tryggingaráðherra bréf um þetta málefni en þar segir m. a.: „Frá því að lagasetning þessi varð almenningi kunn, meðal annars af frásögnum fjölmiðla, hafa streymt inn umsóknir frá þeim aðilum er telja sig hafa öðlast bótarétt samkvæmt lögum þessum. Hjá Tryggingastofnuninni skipta þessar umsóknir tugum og sjálfsagt einnig hjá umboðum stofnunarinnar um land allt.

Þar sem fyrrgreind reglugerð um sjálfa framkvæmd laga þessara hefur ekki verið staðfest og gefin út, telur Tryggingastofnunin sér skylt að koma eftirfarandi atriðum á framfæri nú þegar:

- 1) 2. mgr. 1. gr. gerir ráð fyrir að sjómaður hafi verið lögskráður á skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár.
- 2) Í ljós hefur komið, að lögskráning sjómanna utan Reykjavíkur hefur verið mjög laus í reipum, svo ekki sé sterkara til orða tekið.
- 3) Frá heilum landsvæðum fjölmennra verstöðva eru ófullkomin gögn og víða með öllu glötuð, vegna bruna eða ófullnægjandi geymslu, og því útilokað fyrir hlutaðeigandi aðila að sanna veru sína í skiprúmi eða lengd skráningartíma.
- 4) Orðið „lögskráning á íslenskum skipum“ þýðir einnig að þeir sjómenn sem stundað hafa alla sína sjómennsku á opnum eða þilfarsbátum undir 12 brl. hafa aldrei verið skráðir, þar sem það var ekki lagaskylda. Lagaákvæðið að viðkomandi hafi verið skráður á íslenskt skip útilokar ennfremur ýmsa þá sjómenn, sér í lagi skipstjórnarmenn, sem ráðnir hafa verið til starfa, nánast kennslu, fyrir milligöngu hins opinbera t. d. til FAO, til að kenna frumstæðum þjóðum fiskveiðar.
- 5) Á styrjaldarárunum síðari voru togarasjómenn t. d. afskráðir eftir hverja veiðiferð, þ. e. aðrir en lágmarksmannaflí, sem sigla skyldi með aflann. Eigi að síður töldu menn sig ráðna í skiprúm.“

Þá segir ennfremur í bréfi Tryggingastofnunarinnar: „Á fundi tryggingaráðs 16. september s.l. var ítarlega rætt um framangreind vandamál og nauðsyn talin á að koma þessum athugasemdum á framfæri nú þegar við hæstvirt ráðuneyti, þ. e. áður en reglugerð verður sett.

Á fundi ráðsins var eftirfarandi bókað: „Fjallað var um ellilífeyri sjómanna, sem starfað hafa á vegum Sameinuðu þjóðanna. Talið eðlilegt að þeir njóti óskertra félagslegra réttinda heima fyrir fyrir slíkan starfstíma. Sama gildir um sjómenn sem starfað hafa á bátum undir þeirri stærð, sem skylt var að lögskrá á, þessu álitu verði komið á framfæri við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið“.

Um leið og Tryggingastofnunin leggur áherslu á, að setning reglugerðar um þessi efni verði hraðað svo sem kostur er, þykir skylt að lýsa þeirri skoðun lífeyrisdeildar stofnunarinnar, sem fram kom á fundi tryggingaráðs, að án ljósra ákvæða í reglugerð um framkvæmd, telji deildin ógerlegt að framkvæma löginn“.

Nú hefur heilbrigðis- og tryggingaráðherra gefið út reglugerð um fyrirkomulag þessara mála. Þar er aðalreglan, eins og í lögnum, að sjómaður sem er 60 ára að aldri og hefur stundað sjómennsku í 25 ár skal eiga rétt á ellilífeyri ef skilyrðum laga er fullnægt að öðru leyti. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að viðkomandi hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár.

Ef hins vegar kemur í ljós að lögskráning hefur eigi farið fram lögum samkvæmt eða gögn er hana varða eru glötuð, heimilar reglugerðin að heimilt sé eftir atvikum að meta sjóferðabækur og önnur skrifleg sönnunargögn um starfstíma sjómanns.

Ef skriflegri sönnun um starfstíma sjómanns er ekki til að dreifa heimilar reglugerðin að meta til slíkrar sönnunar vitnisburð tveggja valinkunnra manna eða fleiri um starfstíma sjómanns. Slíkur vitnisburður verður að bera með sér hvar, hvenær og hve lengi sjómennska sú var stunduð sem sönnunin nær til.

Með setningu ofangreindrar reglugerðar verður að telja að komið sé til móts við þá sjómenn sem ekki geta sannað lögskráningu þótt lögboðið væri.

Þegar hins vegar er um að ræða sjómenn sem stundað hafa sjómennsku sem ekki er lögskráningarskyld, virðist þurfa lagabreytingu.

Í frumvarpi þessu er nú lagt til að sjómaður sem stundað hefur annað hvort alla sjómennsku sína eða hluta hennar á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl. eða ekki borið skylda til lögskráningar af öðrum ástæðum en hefur engu að síður stundað sjómennsku í 25 ár, eigi rétt á ellilífeyri samkvæmt mati ef hann getur sannað sjómennsku sína með öðrum fullgildum hætti.